



## Tillaga að breytingu á lögum SAF

### **Tillaga**

Við 7. mgr 10. gr. laganna um stjórn og stjórnarkjör bætist eftirfarandi setning:

Kjörnefnd setur sér starfsreglur. Nefndin skal leitast við að tryggja að framboð til embætta formanns og meðstjórnenda endurspegli fjölbreytni aðildarfélaga, t.d. hvað varðar mismunandi stærð fyrirtækja og staðsetningu þeirra um allt land.

### **Greinargerð**

Aðildarfyrirtæki samtaka ferðaþjónustunnar eru fjölbreytt að stærð og staðsett um allt land. Breytingunni er ætlað að styðja við að stjórn SAF endurspegli þessa fjölbreytni innan ferðaþjónustunnar og stuðla því að sjónarmið og reynsla fyrirtækja með mismunandi bakgrunn komist á framfæri í stefnu og starfi samtakanna.